

um frumv. til laga um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands (Þingskj. 87).

Frá mentamálanefnd.

Visindagrein sú, er hjer ræðir um, er ekki eldri en svo, að telja má að undirstaðan hafi verið lögð um miðja öldina sem leið, er hinn frægi þýski visindamaður og spekingur Gust. Th. Fechner gaf út bók sína Elemente der Psychophysik (Leipzig 1860).

Eftir þetta var farið að leggja mikla stund á þær greinar sálarfræðinnar, er byggjast á reynslu, þekkingu og tilraunum, svo sem sálaræðlisfræði (psychofysik) og sálarafllfræði (psychodynamik). Lærðu menn af þessu að koma mælingum við ýmsar hliðar á andlegri og líkamlegri starfsemi mannsins, finna lögmál hennar innan vissra takmarka, og að lokum að hagnýta þetta lögmál, með því að haga vinnu eftir því sem það kennir oss að mannum sje eiginlegast og afl hans nýttist best. Þannig hafa orðið til hin svo nefndu vinnuvisindi, sem nú hafa vakið svo mikla athygli-úti um heim. Keppast mentaþjóðirnar við að þroska og efla þessa visindagrein, og það því fremur sem mannsaflið stígur í verði hraðfara ár frá ári.

Á öllum tímum og í öllum löndum hafa að vísu verið til greindir og athugulir menn, er lærðu af reynslunni hagnýtar vinnureglur. En slík þekking, er svo verður til, eins og einstakir ljósdeplar hingað og þangað í tíma og rúmi, rennur ekki í sameiginlegan sjóð sem menningarland þjóðfélagsins, nema safnað sje saman og sett í visindalegt kerfi. Fyrst þegar það er gert má segja, að þekkingin sje orðin sameign þjóðarinnar, er síðan getur gengið að erfðum frá kynslóð til kynslóðar.

Nú erum vjer svo heppnir að eiga einmitt mann, sem með styrk af landsfje leggur stund á hagnýt sálarvisindi. Svo sem bækur hans, fyrirlestrar og meðmæli lærðra manna bera vott um, er hann bæði áhugasamur og vel að sjer, eigi að eins í frumatriðum þessarar visindagreinar, heldur og um nýjustu rannsóknir, er þar að lúta. Sjálfur hefir hann og hafið rannsóknir á hagnýting vinnuafls við ýms íslensk störf, og mun halda því áfram, ef honum verður gert það fært.

Þegar svo stendur á, að til eru menn í landinu, er leggja stund á og skara fram úr í einhverri visindagrein, þá er það síður mentaþjóða að tryggja sjer starfskrafta þeirra með því að veita þeim stöðu við aðalmentastofnanir sínar, háskólana. Þar eiga þeir heima og þaðan njóta þeir sín best. Dæmi eru til að útlendir háskólar hafa trygt sjer þannig íslenska starfskrafta, af því að þeir kunnu að meta þá.

Það er nú augljóst að frumvarp það, sem hjer um ræðir, hefir ekki í för með sjer aukin útgjöld fyrir landssjóð fyrst um sinn, því að ganga má að

Því vísu, að það komi ekki til mála að svifta hann styrk þeim, er hann hefir nú til vísindaiðkana sinna, en þessi styrkur er einmitt jafn launum þeim, er hann fær, ef þetta frumvarp verður samþykkt. Vinningur má það aftur teljast, að ef dr. Guðmundi er veitt fast starf, þá á landið aukna starfskvöð á dugandi manni, er það annars átti á hættu að missa út i heiminn.

Nefndin hefir því komið sjer saman um að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 3. ágúst 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
form. og framsögum.

Magnús Pjetursson.

Sveinn Ólafsson.

Jörundur Brynjólfsson,  
með fyrirvara.

Stefán Stefánsson,  
með fyrirvara.

Fjárveitinganefnd neðri deildar samþykk fjárhagsatriði nefndarálits og frumvarps þessa, um að skipa dr. Guðm. Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands.

Alþingi, 3. ág. 1917.

Pjetur Jónsson.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.